



Vátryggingafélag Íslands hf.

Árshlutareikningur fyrri árshelmings 2016

Samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir fyrri helming ársins 2016 var staðfestur af stjórn og forstjóra félagsins á stjórnarfundum þann 25. ágúst 2016. Reikningurinn hefur verið kannaður af endurskoðendum félagsins.

Helstu niðurstöður

- Hagnaður af rekstri nam 238 m.kr. samanborið við 1.419 m.kr. hagnað fyrir sama tímabil 2015.
- Samsett hlutfall var 104,8% en var 104,5% á sama tíma í fyrra.
- Tekjur af fjárfestingastarfsemi námu 636 m.kr. samanborið við 2.065 m.kr. 2015.

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, forstjóri

„Afkoma tímabilsins var undir væntingum bæði hvað varðar vátryggingastarfsemi og fjárfestingastarfsemi. Afkoma af vátryggingastarfsemi litast enn af því að tap er af bæði frjálsum og lögbodnum ökutækjatrýggingum. Vöxtur iðgjalda var þó ágætur á fyrri helmingi ársins og hækkuðu innlend bókfærð iðgjöld um 11,6% frá sama tímabili í fyrra. Meðaliðgjöld hafa hækkað en einnig er um að ræða aukningu viðskipta hjá núverandi og nýjum viðskiptavinum. Þá hefur félagið gert samninga um að þjónusta kortatryggingar allra stóru viðskiptabankanna næstu 1-3 árin og nema ný iðgjöld vegna þeirra um 660 m.kr. á ári frá miðju ári 2016.

Ávöxtun fjáreigna nam 1,9% á fyrri helmingi ársins en 2,7% ef einungis er litið til innlendra fjárfestinga. Styrking krónunnar hafði neikvæð áhrif á afkomu af erlendum eignum félagsins en félagið seldi nær öll skráð erlend verðbréf á fyrsta ársfjórðungi.“

Arðgreiðsla og eigin kaup

Aðalfundur félagsins sem haldinn var þann 16. mars s.l. samþykkti arðgreiðslu að fjárhæð 2.067 m.kr. sem greidd var til hluthafa þann 15. apríl s.l. Félagið keypti eigin hluti fyrir 396 milljónir króna á fyrri hluta ársins og átti alls um 2,2% af heildareiginfé í lok júní.

Gjaldþolshlutfall í lok júní var 1,83.

Víkjandi skuldabréf – skráning á Aðalmarkað NASDAQ Iceland

Í lok febrúar gaf félagið út víkjandi skuldabréf að nafnverði 2.500 m.kr. en útgáfa skuldabréfanna er liður í endurskipulagningu á fjármagnsskipan félagsins og tilheyrir hún eiginfjárbætti 2. Skuldabréfin voru tekin til viðskipta á Aðalmarkaði NASDAQ Iceland hf. þann 29. júlí s.l.

Horfur

Gert er ráð fyrir að áfram verði ágætur vöxtur í innlendum iðgjöldum á árinu og gera áætlanir ráð fyrir að samsett hlutfall á árinu 2016 verði lægra en það var á árinu 2015.

Kynningarfundur

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og hluthafa verður haldinn hjá VÍS í Ármúla 3, 5. hæð, þann 26. ágúst n.k. kl. 8:30. Þar kynnir Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri VÍS afkomu félagsins og svarar spurningum. Kynningarefni fundarins verður aðgengilegt að honum loknum á heimasíðu VÍS: www.vis.is

Fjárhagsdagatal

Viðburður	Dagsetning:
Annar ársfjórðungur	25. ágúst 2016
Þriðji ársfjórðungur	26. október 2016
Ársuppgjör 2016	23. febrúar 2017
Aðalfundur 2017	16. mars 2017

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Sigrún Ragna Ólafsdóttir forstjóri í síma 560-5000 og í netfangi fjarfestatengsl@vis.is.

Helstu niðurstöður og lykiltölur fyrri árshefmingar 2016

	m.kr.	6M 2016	%	6M 2015
Rekstur	lögjöld tímabilsins	8.767	8,1%	8.107
	Eigin iðgjöld	8.443	8,3%	7.799
	Fjármunatekjur	636	-69,2%	2.065
	Heildartekjur	9.162	-7,9%	9.945
	Tjón tímabilsins	-7.371	15,6%	-6.377
	Eigin tjón	-6.933	8,5%	-6.388
	Rekstrarkostnaður	-2.191	8,3%	-2.024
	Virðisrýmnum óe. eigna	0	0	0
	Heildargjöld	-9.216	9,6%	-8.405
	Hagnaður	238	-83,2%	1.419
Hlutföll	Tjónahlutfall	84,1%	5,4%	78,7%
	Eigið tjónahlutfall	82,1%	0,2%	81,9%
	Kostnaðarhlutfall	22,0%	0,1%	21,9%
	Endurtr.kostnaðarhlutfall	-1,3%	-5,2%	3,9%
	Samsett hlutfall	104,8%	0,3%	104,5%
	m.kr.	30.6.2016		31.12.2015
Efnahagur	Eignir			
	Fjárfestingar	33.700		32.206
	Laust fé	840		1.428
	Viðskiptakröfur	7.600		5.482
	Aðrar eignir	6.399		5.757
	Eignir samtals	48.539		44.874
	Skuldir			
	Eigið fé	15.327		17.552
	Víkjandi skuldabréf	2.554		0
	Vátryggingaskuld	26.943		23.466
Aðrar skuldir	3.715		3.856	
Skuldir samtals	48.539		44.874	
Hlutföll	Eiginfjárlutfall	31,6%		39,1%
	Arðsemi eigin fjár	2,9%		11,3%
	Gjaldþolshlutfall samstæðu (SII) fyrir arðgreiðslu	1,83		1,54

Til athugunar fyrir fjárfesta

VÍS vekur athygli á því að staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við birtingu tilkynningarinnar. Eðli málsins samkvæmt fela slíkar staðhæfingar í sér óvissu. Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í tilkynningunni. Þessi tilkynning verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Staðhæfingar sem finna má í þessari fréttatilkynningu gilda eingöngu á þeim tímamarki þegar fréttatilkynningin er fyrst birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.